

Starfalýsing:

Bólstrari vinnur við framleiðslu á nýjum húsgögnum og viðgerðir á notuðum húsgögnum sem og aðra almenna bólstrun. Bólstrari vinnur út frá teikningum og verklýsingum hönnuða eða eftir eigin hugmyndum og velur bólsturefni og vinnuaðferðir sem henta hverju sinni. Hann sýnir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði, er meðvitaður um vandað handverk og ber ábyrgð á útkomu vinnu sinnar gagnvart viðskiptavinum. Bólstrari býr yfir hæfni til góðra samskipta við verkkaupa og getur leiðbeint kaupendum um val á efni. Hann sýnir kostnaðarvitund, getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir og hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja. Bólstrari þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir reglum um endurvinnslu og förgun. Bólstrari fer eftir kröfum um öryggismál, umgengni og efnameðferð á vinnustað. Bólstrari starfar aðallega á sérhæfðu bólsturverkstæði en einnig á vettvangi verkefnanna t.d. við lokafrágang verkefna. Bólstrari er lögverndað starfsheiti og bólstrun er löggilt iðngrein.

Hæfnikröfur:

- Hefur þekkingu á þróun húsgagna og kann að vinna samkvæmt nýjum og gömlum verkferlum.
- Kann að nota handverkfæri og vélbúnað sem tengjast faginu.
- Kann að vél- og handsauma áklæði.
- Kann skil á efnum sem notuð eru við bólstrun, getur veitt ráðgjöf um val á þeim og hvernig þau eru notuð.
- Kann að vinna eftir teikningum af húsgögnum og búa til snið.
- Kann að bólstra húsgögn frá grunni, bæði undirvinnu og klæðningu.
- Kann að reikna út kostnað við verk.
- Þekkir ferlið frá tilboðsgerð til afhendingar.
- Skipuleggur verkefni til fjöldaframleiðslu.
- Er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð sína.
- Býr yfir færni til góðra samskipta.
- Býr yfir sjálfstæðum vinnubrögðum og getur fylgt viðeigandi verkferlum.
- Þekkir gæðakröfur og getur lagt mat á eigin vinnu í samræmi við þær.
- Þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hann fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar og er meðvitaður um þrif og nauðsyn þess að ganga vel um vinnustað sinn.
- Hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.
- Þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir og reglum um meðferð og notkun hættulegra efna.
- Bólstrari er lögverndað starfsheiti og bólstrun er löggilt iðngrein.

Dags. 06.11.2017

Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina